

# Samgöngulíkan fyrir Ísland

Snjólfur Ólafsson, Háskóli Íslands

*Samgöngulíkan fyrir Ísland* er heiti á rannsóknaverkefni sem hefur verið styrkt af Vegagerðinni, Flugmálastjórn og Siglingastofnun Íslands. Í upphafi, 1998, voru væntingar um að unnt væri að gera einhvers konar reiknilíkan sem væri tilbúið að svara hinum ýmsu spurningum sem áhugi væri á að fá svar við. Slíkt líkan varð aldrei til, enda kom í ljós þegar málið var skoðað að slíkt líkan gæti einungis svarað mjög fáum og fyrirfram skilgreindum spurningum, en áhugi manna er síbreytilegur og því yrði takmarkað gagn af slíku líkani.

Rannsóknaverkefnið greinist í nokkra sjálfstæða verkþætti sem til samans auka skilning á samgöngum á Íslandi, bæði umfang og eðli og ýmsa hagræna þætti. Helstu verkþættir voru þessir:

- Kortlagning á upplýsingum um samgöngur
- Gerð líkans fyrir forgangsröðun hafnarframkvæmda
- Yfirlit um samgöngur á Íslandi í lok 20. aldar
- Greining á fjárstreymi í samgöngum
- Aðstoð við lög- og hagfræðihóp sem vann að samgönguáætlun

Sveitarfélög koma annað hvert ár með óskir um að ríkissjóður greiði meirihluta kostnaðar við framkvæmdir í höfnum, en óskirnar nema samtals mun hærri fjárhæð en er til ráðstöfunar. Siglingastofnun hefur það verkefni að vinna tillögu um forgangsröðun hafnarframkvæmda sem samgönguráðuneyti fær svo til meðferðar og Alþingi tekur ákvörðun um. Siglingastofnun hafði unnið að því að gera þessa forgangsröðun sem hlutlægasta og minnka vægi persónulegs mats. Einn fyrsti verkþátturinn í verkefninu *Samgöngulíkan fyrir Ísland* var að aðstoða Siglingastofnun við þessa þróun. Þessi verkþáttur sýnir einnig hvað þörf fyrir líkön og útreikninga getur breyst hratt, en nú stefnir í að ríkissjóður hætti að styrkja hafnarframkvæmdir að mestu eða öllu leyti. Þar með verður þetta líkan óþarft eða mun í öllu falli gegna breyttu hlutverki.

Skýrslan *Samgöngur á Íslandi í lok 20. aldar* (Hagfræðistofnun, C00:03, maí 2000) gefur yfirlit yfir samgöngur á Íslandi á tuttugustu öldinni. Stiklað er á stóru í sögu samgangna alla öldina en lögð áhersla á þróun síðustu 30 ára og ástand mála nú. Þáttur samgangna í efnahags- og þjóðlífi er einnig skoðaður lítillega.

Samgöngukerfin þrjú – vegir, flugvellir og hafnir – eru mjög ólík í eðli sínu og gegna ólíku hlutverki. Sem dæmi um athyglisverðan mun er að uppbyggingu hafna og flugvalla á Íslandi lauk fyrir nokkrum áratugum en uppbyggingu vegakerfis er langt frá því að vera lokið. Vissulega þarf að endurnýja hafnir og flugvelli og jafnvel bæta við á tilteknum stöðum, en á síðustu áratugum hefur höfnum og flugvöllum í notkun fækkað.

Sem dæmi um upplýsingar í skýrslunni er tafla sem sýnir mat á flutningum eftir vegakerfinu milli landshluta. Taflan sýnir glögg, eins og svo margar aðrar tölur og upplýsingar, að mjög stór hluti flutninga á Íslandi er til eða frá höfuðborgarsvæðinu eða innan þess og þessi hluti stækkar stöðugt.


Frá	Til landshluta								
	Samtals	RVK	RN	VL	VF	NLV	NLE	AL	SL
RVK	742,4		383,1	5,4	9,9	33,5	44,6	23,0	192,9
RN	184,8	108,2		48,7	0	2,1	0,1	0	25,4
VL	116,4	57,7	27,6		0	14,3	5,3	3,1	8,4
VF	13,6	10,7	0	0		2,0	0,7	0	0
NLV	49,5	25,3	2,0	11,6			6,8	1,5	1,8
NLE	52,8	33,0	5,3	1,0	0,5	4,6		7,1	1,3
AL	26,6	8,9	2,4	1,5	0	1,7	12,0		0,1
SL	282,4	216,2	42,2	11,6	0	5,4	1,1	5,8	
Samtals	1.468,4	460,0	462,5	129,9	10,5	63,6	70,6	40,5	229,7

Tafla: Mat á ársflutningum eftir vegakerfinu milli landshluta (þús. tonn).

Í skýrslunni *Fjárstreymi í samgöngum* (Hagfræðistofnun, C01:05, október 2001) er gefið heildaryfirlit yfir fjárstreymi í samgöngum eins og það var árið 1999. Tölur fyrir eitt ár gefa ófullkomna mynd af ástandi og því er fimm ára tímabil skoðað. Þannig fæst einnig nokkur mynd af þróun mála. Meginniðurstöður eru dregnar saman í mynd 2.1. Af myndinni sést meðal annars hvernig fjármagn rennur frá bifreiðaeigendum til annarra málaflokka en samgangna og umfang nettógreiðslna úr ríkissjóði til flug- og siglingamála.

Mynd 2.1. Yfirlitsmynd yfir fjárstreymi í samgöngum

Upphæðir í m.kr. tölur fyrir 1999 þar sem það var mögulegt.



Á árinu 2001 var fyrst og fremst unnið með svokölluðum lög- og hagfræðihóp að undirbúningi samgönguáætlunar sem var lögð fram á Alþingi vorið 2002. Nú er m.a. unnið að samanburði á flutningum á sjó og landi.